

Stefna heilbrigðisyfirvalda í málefnum einstaklinga með heilabilun.

Vorið 2020 kynnti heilbrigðisráðherra fyrstu íslensku aðgerðaráætlunina í málefnum einstaklinga með heilabilun og nær hún fram til ársins 2025. Nú er að verða liðinn þriðjungur af þessum tíma og forvitnilegt að sjá hvað hefur gerst.

Áætlunin er í sex köflum með 24 málefnasvið og undir þeim 48 aðgerðir. Hún er því skipulega upp sett sem gerir eftirfylgd auðvelda þótt vissulega séu mörg atriðanna matskennd og því erfið að mæla.

Hér verður einkum minnst á nokkur atriði sem hafa gengið eftir en einnig á önnur sem eiga eftir að raungerast en þetta er á engan hátt tæmandi umfjöllun.

- Fyrsta málefnasviðið fjallar um að auka þátttöku einstaklinga með heilabilun í umræðu og ákvörðunum er varða þá. Alzheimer samtökin hafa búið til farveg fyrir þetta með stofnun “Frumkvöðla” en hópurinn hefur farið stækkandi og mun á komandi árum láta meira til sín taka.
- Stofnun námsbrautar fyrir ráðgjafa á sviði heilabilunar við Háskólann á Akureyri. Grind að námsskrá liggur fyrir og hefst námið haustið 2022. Hægt verður að taka námið samhliða starfi. Heilabilunarráðgjafi mun vinna á vettvangi sveitarfélags eða heilsugæslustöðvar en starfskraftar geta nýst víðar. Starfið mun þróast og taka breytingum með tímanum en mest er um vert að koma þessu námsframboði af stað hér á landi en fáeinir hafa lokið námi af þessu tagi erlendis. Sjá kafla 6.3 í aðgerðaráætluninni en einnig lið 3.2 og kafla 4 um eflingu þjónustu.
- Embætti landlæknis hefur lokið vinnu við gæðaviðmið fyrir þjónustu sérhæfðra dagþjálfana (kafla 4.1). Framundan er að kynna þau og aðlaga þjónustuna þar sem þess gerist þörf. Með vaxandi fjölda úrræða af þessu tagi skiptir máli að þjónustan sé sambærileg á öllum stöðum og uppfylli fagleg skilyrði.
- Í kafla 4.5 er fjallað um styðjandi samfélög. Reykjavíkurborg setti af stað verkefnið styðjandi samfélag fyrir eldri borgara og munu þau verkefni einnig nýtast einstaklingum með heilabilun. Alzheimer samtökin hafa unnið með nokkrum sveitarfélögum með átakið “styðjandi samfélög fyrir einstaklinga með heilabilun” og er í bígerð að vinna með fleirum.

- Alzheimer samtökin eru að stofna þjónustumiðstöð fyrir einstaklinga með heilabilun og fjölskyldur þeirra í húsnæði St. Jósefsspítala í Hafnarfirði og gefur húsnæðið færi á kröftugri þjónustu (sjá kafla 4.6).
- Fimmti kafli fjallar um heimaþjónustu og samþættingu hennar. Þetta málefni hefur verið mikið til umræðu í kjölfar heilbrigðisþings í ágúst sl. þar sem athygli vakti að Ísland er á eftir samanburðarlöndum er varðar heilbrigðisþjónustu inn á heimili fólks. Umræðan er að skila sér inn í kosningabaráttuna og mun það vonandi hafa þau áhrif að málefnið verði tekið fastari tókum á næstu árum.
- Gagnagrunnur um heilabilun á Íslandi hefur verið stofnaður og innleiddur á minnismóttöku Landakots (kafli 6.1). Að nokkrum tíma loknum verður hann einnig innleiddur í heilsugæslunni og að lokum á hjúkrunarheimilum.

Nokkur atriði hafa ekkert hreyfst svo sem að vinna að endurskoðun laga um málefni aldraðra þar sem mörg ákvæði eiga við einstaklinga með heilabilun eða að endurskoða lögræðislög og fleira mætti telja. Það vantar einnig að setja inn áætlunina hver beri ábyrgð í mörgum kaflanna en það á einkum við um þau atriði sem þurfa að koma fram víða.

Það má því segja að ýmislegt hafi áunnist sem fjallað er um í aðgerðaráætluninni.

Alzheimersamtökin og aðrir sem að málaflokknum koma þurfa þó að halda vöku sinni og beita yfirvöldum ríkis og sveitarfélaga aðhaldi.

Heimild:

<https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymsarskrar/A%C3%B0ger%C3%B0a%C3%A1%C3%A6tlun%20um%20%C3%BEj%C3%B3nustu%20vi%C3%B0%20einstaklinga%20me%C3%B0%20heilabilun.pdf>